

---

## Hafnavegur, ný vegtenging

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 9. febrúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða framkvæmd við Hafnaveg (44-01), nýja vegtengingu frá Flugvallarbraut að Reykjanesbraut við Stekk, Reykjanesbæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hafnavegur (44-01): Ný vegtenging frá Flugvallarbraut að Reykjanesbraut við Stekk. Fyrirspurn um matsskyldu ásamt kynningarskýrslu. Vegagerðin, janúar 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjanesbæ með bréfi dags. 22. febrúar 2018 .
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvubréfi dags. 19. mars 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 9. mars 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. febrúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. mars 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að leggja núverandi T-gatnamót Hafnavegar og Reykjanesbrautar af vegna hárrar slysatíðni. Ný tenging Hafnavegar við Reykjanesbraut verði lögð að hringtorgi við Stekk sem sé um 400 m austan við núverandi vegamót. Framkvæmdakaflinn sé um 850 m langur. Fram kemur að heildarbreidd nýrra akbrauta sé 7,0 m breidd nýrra axla sé 1,5 m, halli fyllingarfláa verði 1:4 og fyrirhugaður leyfilegur hámarkshraði sé 70 km/klst. Gert sé ráð fyrir að takmarka breidd raskaðs svæðis eins og unnt sé og verði það tilgreint nánar í útboðsgögnum. Þegar nýr Hafnavegur hafi verið opnaður verði núverandi Hafnavegi lokað að hluta. Meðal annars verði núverandi vegamót Hafnavegar og Reykjanesbrautar fjarlægð auk þess sem syðsti kafli núverandi Hafnavegar verði rofinn frá nýju vegakerfi. Fram kemur að tvær aðkomutengingar verði til að tryggja aðkomu HS-Veitna að dælustöðvum og muni miðkafli núverandi Hafnavegar því standa áfram að framkvæmdum loknum. Fram kemur að áætluð efnispörf í framkvæmdina sé um 22 þúsund rúmmetrar og muni efni verða tekið úr núverandi námum í rekstri í nágrenni framkvæmdar.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

Í framlögðum gögnum kemur fram að landslag svæðisins einkennist af opnu flatlendi, nokkuð einsleitu, áberandi mannvirki setji svip sinn á það og fyrirhugað framkvæmdasvæði sé verulega raskað. Hátt hlutfall svæðisins sé þakið melum, sand- og moslendi og virðist lúpína hafa rutt gras- og mólendi úr vegi á köflum. Berggrunnur svæðisins sé grágrýti, ekkert yfirborðsvatn sé á svæðinu og fyrirhuguð framkvæmd muni hvergi liggja um verndarsvæði. Fram kemur að á meðan á framkvæmdum standi muni hljóð- og loftmengun á svæðinu aukast tímabundið vegna þungaumferðar, efnistöku, efnisflutninga og annarrar vinnu sem geti haft tímabundin en óveruleg neikvæð áhrif á fugla og ásjúnd.

Fram kemur að með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum sé hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum á landslag. Stuðlað verði að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist við vel afmarkað framkvæmdasvæði. Lögð verði áhersla á vandaðan frágang og akstur vegavinnutækja utan framkvæmdasvæðis verði óheimill. Röskuð svæði verði jöfnuð og grædd upp þar sem við eigi. Ef svarðlag finnst verði því ýtt í hauga við upphaf framkvæmda og jafnað yfir við frágang. Allur frágangur verði í samráði við eftirlitsaðila Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Leitað verði eftir ráðgjöf og aðstoð hjá Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu á svæðinu.

Reykjanesbær, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun álíta að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki matsskyld.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við staðfest aðalskipulag Reykjaneshæjar 2015-2030.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjaneshæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða framkvæmdir við Hafnaveg (44-01), sem felast í gerð nýrrar vegtengingar frá Flugvallarbraut að Reykjaneshæjarbraut við Stekk, Reykjaneshæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu hennar svo sem landnotkun sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, verndarákvæðum sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir þar sem Hafnavegur verður færður til austurs um 400 m á um 850 m kafla þannig að núverandi T-gatnamót Hafnavegar og Reykjaneshæjarbrautar verða lögð af og nýr vegur þess í stað lagður að hringtorgi við Stekk. Vegurinn verður 8,5 m breiður með öxlum



og verður breidd raskaðs svæðis takmörkuð eins og mögulegt er. Áætluð efnisþörf er ekki mikil og verður efnið tekið úr opnum námum í nágrenni framkvæmdar.

Framkvæmdasvæðið er að hluta raskað og í nágrenni við fjölfarinn þjóðveg, Reykjanesbraut. Engin verndarákvæði taka til svæðisins, svæðið er ógróið eða lítt gróið og ásýndarbreytingar verða varanlegar en í lágmarki sem þar sem hér er um veglagningu að ræða á stuttum kafla og færsla frá núverandi vegi umfangslítill.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli og staðsetningu framkvæmdarinnar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. apríl 2018.

Reykjavík, 21. mars 2018.

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir